



# Starfsskýrsla fagsviðs persónuverndar

Helstu viðfangsefni frá 1. maí 2022 til 30. apríl 2023

Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar  
Fagsvið persónuverndar

Júní 2023  
IER23050028

## Fagsvið persónuverndar

Persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með reglufylgni vegna persónuverndar og veitir starfsfólki borgarinnar ráðgjöf í því skyni að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga fari fram í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga nr. 90/2018, persónuverndarreglugerðarinnar og persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar. Til þess þarf persónuverndarfulltrúi að kalla eftir upplýsingum til að greina vinnslustarfsemi Reykjavíkurborgar og veita upplýsingar og ráðgjöf ásamt því að gera tillögur um úrbætur innan stjórnáráðs á sviði vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. á sviði upplýsingaöryggis. Persónuverndarfulltrúi sinnir jafnframt fræðsluhlutverki gagnvart starfsfólki borgarinnar.

Reykjavíkurborg leggur sérstaka áherslu á að vinnsla persónuupplýsinga fari fram með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti og að skyldur Reykjavíkurborgar sem ábyrgðaraðila séu virtar í hvívetna. Líkt og áður hefur komið fram hefur persónuverndarfulltrúi eftirlit með því að skyldum Reykjavíkurborgar á sviði persónuverndarlaga sé framfylgt, sem og að tryggja að réttindi hinna skráðu séu virt. Geta skráðir einstaklingar haft samband við persónuverndarfulltrúa með öll mál sem tengjast vinnslu á persónuupplýsingum þeirra, ásamt því að fá upplýsingar um það hvernig þeir geti neytt réttar síns samkvæmt persónuverndarreglum.

### Hlutverk persónuverndarfulltrúa

Í 35. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 er fjallað um persónuverndarfulltrúa og skyldu ábyrgðaraðila til að tilnefna slíkan og gilda fyrirmæli í ákvæðum 37. – 39. gr. reglugerðar (EB) 2016/679 um stöðu hans og verkefni að öðru leyti. Í 39. gr. persónuverndarreglugerðarinnar eru talin upp þau verkefni sem persónuverndarfulltrúa ber að sinna. Persónuverndarfulltrúi skal upplýsa ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila og starfsmenn sem annast vinnslu um skyldu sína samkvæmt persónuverndarlaga nr. 90/2018 og persónuverndarreglugerðinni og veita þeim ráðgjöf þar að lútandi. Persónuverndarfulltrúi fylgist einnig með því að farið sé að ákvæðum persónuverndarlaga nr. 90/2018 og persónuverndarreglugerðarinnar, þ.m.t. hvað varðar úthlutun ábyrgðar, vitundarvakningu og þjálfun starfsfólks sem tekur þátt í vinnslustarfsemi og tilheyrandi úttektum.

Persónuverndarfulltrúi veitir einnig ráðgjöf varðandi mat á áhrifum á persónuvernd, sé farið fram á það, og fylgist með framkvæmd þess. Þá hefur persónuverndarfulltrúi jafnframt það hlutverk að vera tengiliður við eftirlitsyfirvaldið, t.a.m. vegna fyrirframsamráðs, og sér um að vinna með eftirlitsyfirvaldinu, þ.e.a.s. Persónuvernd.

Persónuvernd er enn tiltölulega nýtt fræðasvið innan lögfræðinnar, þ.e. framfylgd laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og persónuverndarreglugerðar (EB) 2016/679. Lagasetningin hafði í för með sér talsvert miklar breytingar og strangari kröfur á ýmsum starfssviðum. Er því fjöldinn allur af starfsfólki Reykjavíkurborgar enn að stíga sín fyrstu skref hvað varðar framfylgd þessara reglna og margar spurningar sem vakna í þeim efnum, sem persónuverndarfulltrúi svarar og leiðbeinir með. Þess ber einnig að geta að mismunandi er hvernig farið er með málefni hinna skráðu, annars vegar innan stjórnarsýslunnar og hins vegar utan hennar. Innan stjórnarsýslunnar verður til að mynda að lúta ákvæðum ýmissa laga sem ganga framur en persónuverndarlög og fela jafnvel í sér enn strangari kröfur um rétt einstaklinga til aðgangs að gögnum sem sig varða, til dæmis ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, upplýsingalaga nr. 140/2012 og laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

## Stofnun fagsviðs persónuverndar og málafjöldi

Fjöldi þeirra mála sem borist hafa persónuverndarfulltrúa síðan ný persónuverndar-löggjöf tók gildi hefur verið verulegur. Í mars 2022 var ákveðið að ráða tímabundið annan lögfræðing til starfa sem liðsauki við persónuverndarfulltrúa. Í kjölfarið var fagsvið persónuverndar hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf stofnað með formlegum hætti, með erindisbréfi sem samþykkt var í endurskoðunarnefnd 31. október 2022 og lagt fyrir borgarráð 7. nóvember sama ár. Til efni þeirra skipulagsbreytinga má einnig rekja til niðurstöðu frumkvæðisathugunar Persónuverndar sem taldi að tryggja þyrfti að persónuverndarfulltrúi nyti fullnægjandi sjálfstæðis í starfi og að önnur verkefni og skyldustörf leiddu ekki til hagsmunaárekstra. Ljóst liggur fyrir að tilkoma liðsauka fyrir fagsvið persónuverndar hefur leitt af sér bættu þjónustu við stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar á sviði ráðgjafar vegna þeirra verkefna sem leiða af persónuverndarlögum. Jafnframt hefur fagsvið persónuverndar á liðnu starfsári haft tök á að sinna aðkallandi verkefnum á sviði gæðastjórnunar og stefnumótunar, sem og ritunar formlegrar ársskýrslu sem nú liggur fyrir í fyrsta sinn síðan persónuverndarfulltrúi tók til starfa samkvæmt gildandi lögum af hálfu Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg vinnur með mikið magn persónuupplýsinga á degi hverjum á hinum ýmsu starfssviðum og því er mikilvægt að fræðsla og þekking á sviðinu sé góð. Reykjavíkurborg hefur sett sér persónuverndarstefnu sem var samþykkt í borgarstjórn þann 19. mars 2019 og finna má á vefslóðinni [reykjavik.is/personuverndarstefna](https://www.innriendurskodun.is/personuverndarstefna). Þar er jafnframt vísað til persónuverndarfulltrúa og leiða til að hafa samband við persónuverndarfulltrúa, m.a. hvert skuli beina fyrirspurnum vegna vinnslu persónuupplýsinga hjá Reykjavíkurborg. Upplýsingar um hlutverk persónuverndarfulltrúa er einnig að finna á heimasíðu Innri endurskoðunar og ráðgjafar, sjá nánar á vefslóðinni <https://www.innriendurskodun.is/to/personuverndarfulltrui-reykjavikurborgar>.

## Verkefni fagsviðs persónuverndar

Verkefni fagsviðs persónuverndar eru margþætt og sér fagsviðið t.a.m. um að leggja mat á öryggisbresti og tilkynna þá til Persónuverndar þegar við á, sem og að fara yfir uppljóstranir sem berast í uppljóstrunargátt þegar þær varða persónuvernd. Fagsvið persónuverndar hefur einnig verið til ráðgjafar hjá starfsstöðvum Reykjavíkurborgar og fagsviðum hennar þegar framkvæmt er mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP) vegna fyrirhugaðrar vinnslu persónuupplýsinga og gefur leiðbeiningar og ráðgjöf þar um, sbr. 29. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018 og auglýsingu Persónuverndar nr. 828/2019 um skrá yfir vinnsluaðgerðir sem krefjast ávallt mats á áhrifum á persónuvernd. Ásamt því er sviðið til ráðgjafar þegar gerðir eru vinnslusamningar við vinnsluaðila sem vinna með persónuupplýsingar, sbr. 3. mgr. 25. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018. Auk þess veitir fagsvið persónuverndar almenna ráðgjöf og aðstoðar við fræðslu, t.a.m. þegar gera þarf fræðslufni fyrir hina skráðu sem geta ýmist verið starfsfólk eða þjónustuþegar Reykjavíkurborgar. Má svo nefna stærri verkefni, líkt og að vera til ráðgjafar og aðstoðar við úttektir Persónuverndar, óska eftir fyrirframsamráði við Persónuvernd, senda inn umsagnir um breytingar á lögum sem varða persónuvernd og framkvæma athugun að eigin frumkvæði á framfylgd persónuverndarreglna hjá Reykjavíkurborg.


Auk þess er unnið að því að gera gæðahandbók fyrir fagsvið persónuverndar, þar sem öll helstu skjöl sem þurfa að lúta ákveðnum kröfum persónuverndarlöggjafarinnar verða upplistuð, sem og leiðbeiningar og verklýsingar um hin ýmsu atriði er varða persónuvernd. Einnig er fagsvið persónuverndar, í samstarfi við m.a. þjónustu- og nýsköpunarsvið, að setja upp ferla á Mínum síðum Reykjavíkurborgar sem

gera einstaklingum kleift að óska eftir aðgangi að persónuupplýsingum o.fl. sem varða réttindi einstaklinga þegar kemur að vernd persónuupplýsinga og vinnslu þeirra með stafrænum umsóknarformum. Að lokum má nefna að unnið er að því að taka í notkun kerfi sem getur haldið utan um vinnsluskrár starfsstöðva borgarinnar sem skylt er að halda yfir vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 26. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Eftirfarandi yfirlit fyrir mál fagsviðs persónuverndar nær yfir tímabilið frá 1. maí 2022 og til 1. maí 2023.

## Yfirlit yfir öll mál


Málfjöldi á fagsviði persónuverndar frá maí 2022 til maí 2023 var 144.



## Öryggisbrestir og uppljóstranir

Öryggisbrestir við vinnslu persónuupplýsinga eru skilgreindir í 11. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og fela í sér að brestur verður á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögætrar eyðingar persónuupplýsinga eða til þess að þær glatist, breytist, verði birtar eða aðgangur verði veittur að þeim í leyfisleysi. Þegar upp koma öryggisbrestir í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 ber að tilkynna þá til Persónuverndar, án ótilhlýðilegrar tafar og, ef mögulegt er, eigi síðar en 72 klst. eftir að upp kemst um öryggisbrest nema ólíklegt þyki að bresturinn leiði til áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, sbr. 2. mgr. 27. gr. laganna. Er því mikilvægt að persónuverndarfulltrúi eða fagsvið persónuverndar sé upplýst samstundis þegar líkur eru á að öryggisbrestur hafi átt sér stað, svo hægt sé að leggja mat á umfang brestsins og tilkynna innan frests til Persónuverndar. Sér persónuverndarfulltrúi, eða eftir atvikum staðgengill hans, þ.e. lögfræðingur á fagsviði persónuverndar, um að tilkynna öryggisbresti til Persónuverndar með aðstoð starfsfólks eða einstaklinga sem upplýsa persónuverndarfulltrúa um tilvist mögulegs brests.

Reykjavíkurborg ber að tryggja að viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir séu til staðar til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga með hliðsjón af nýjustu tækni, kostnaði við framkvæmd, eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar og áhættu, mislíklegri og misalvarlegri, fyrir réttindi og frelsi einstaklinga samkvæmt 1. mgr. 27. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018 og 32. gr. persónuverndarreglugerðarinnar.



Alls hafa þrír öryggisbrestir verið tilkynntir til Persónuverndar sem slíkir frá 1. maí 2022 til 30. apríl 2023 af hálfu persónuverndarfulltrúa.

Fyrst er að nefna brest sem upp komst í lok apríl sl. og varðaði meðferð barnaverndarmáls. Var það mat Persónuverndar að ekki væri um að ræða eiginlegan öryggisbrest í skilningi 2. mgr. 27. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018 heldur hefði vinnsluaðgerð sem slík verið ólögumæt.

Í ágúst 2022 komst upp umfangsmikill gagnaleki af hálfu könnunarlausnarinnar *Question Pro* og varðaði fjölmörg netföng starfsfólks Reykjavíkurborgar sem svarað höfðu starfsánægjukönnunum framkvæmdum af hálfu mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

Í maí 2022 kom upp atvik í grunnskóla þar sem nemendur höfðu komist yfir viðkvæm gögn um samnemendur sem geymd höfðu verið í læstum skáp. Sá skápur hafði verið geymdur í rými sem nýtt hafði verið sem kennslustofa á meðan fjarlægðartakmarkanir í tengslum við COVID-19 voru enn við lýði. Persónuvernd hefur komist að niðurstöðu í báðum málum á þá leið að ekki var talið tilefni til frekari aðgerða af hálfu stofnunarinnar, með fyrirvara um að frekari upplýsingar komi í ljósi sem málin varða.

Að mati persónuverndarfulltrúa er enn of algengt að upplýsingar sem telja má til viðkvæmra persónuupplýsinga og varða viðkvæma hópa séu sendar með tölvupósti til rangra viðtakenda þótt umfang þeirra sendinga sé vanalega óverulegt. Stuðla má að fækkun slíkra tilfella með aukinni fræðslu til starfsfólks Reykjavíkurborgar um áhættur sem felast í notkun á tölvupósti, sem og með innleiðingu upplýsingatæknilausna sem auka á miðlun viðkvæmra gagna með gagnkvæmri rafrænni undirritun viðtakenda.



## Mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP)

Mat á áhrifum á persónuvernd ber að framkvæma ef líklegt er að tiltekin tegund vinnslu geti haft í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, einkum þar sem beitt er nýrri tækni og með hliðsjón af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að mat sé framkvæmt á fyrirhugaðri vinnsluaðgerð áður en vinnslan hefst, sbr. 29. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018 og 35. gr. persónuverndarreglugerðarinnar.


Auk þess hefur Persónuvernd gefið út skrá yfir þær tegundir vinnsluaðgerða sem krefjast ávallt mats á áhrifum á persónuvernd á grundvelli 2. mgr. 29. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018., sbr. auglýsingu Persónuverndar nr. 828/2019. Ef vinnsla persónuupplýsinga lýtur að tveimur eða fleiri flokkum sem þar eru tilgreindir er nauðsynlegt að framkvæma MÁP og getur það einnig verið nægjanlegt að vinnslan falli undir einn flokk til að hún kalli á slíkt mat.

Flokkarnir eru eftirfarandi:

- ❖ Mat eða einkunnagjöf/stigagjöf.
- ❖ Sjálfvirk ákvarðanatoka sem hefur áhrif á réttindi hins skráða.
- ❖ Kerfisbundið eftirlit.
- ❖ Viðkvæmar persónuupplýsingar eða aðrar persónuupplýsingar viðkvæms eðlis.
- ❖ Umfangsmikil gagnavinnsla.
- ❖ Samkeyrsla og sameining gagnasafna.
- ❖ Upplýsingar um aðila sem standa höllum fæti.
- ❖ Vinnsla þar sem beitt er nýrri tækni eða skipulagslausnum eða eldri tækni er beitt á nýjan hátt.
- ❖ Vinnsla persónuupplýsinga sem kemur í veg fyrir að hinn skráði geti notið réttinda, fái fyrirgreiðslu, þjónustu eða samning.

Fjöldinn allur af vinnslu hjá t.d. skóla- og frístundasviði og velferðarsviði fellur hér undir og er í þeim tilvikum nauðsynlegt að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd, t.d. þegar tekin eru upp ný kerfi eins og stafrænar kennslulausnir í skólum.


Á síðastliðnu ári hefur fagsvið persónuverndar farið yfir fjölda MÁPa og gefið umsagnir. Málin geta verið misjafnlega umfangsmikil og geta tekið mismikinn tíma, eftir t.d. áhættuþáttum sem þarf að endurskoða eftir fyrstu yfirferð fagsviðsins og koma með frekari tillögur að takmörkunum á áhættu við vinnslu persónuupplýsinga.



Notkun upplýsingatækni er í takt við áherslur nýrrar menntastefnu og opinber viðmið, t.a.m. í aðalnámskrá grunnskóla og áherslur í leikskóla- og frístundastarfi. Tæknin getur gert kennurum kleift að styðja við fjölbreyttar þarfir barna og ungmenna í skólustarfi og geta kennslulausnir falið í sér stuðning við nemendur með leshamlanir, langveika nemendur og nemendur með sérþarfir. Auk þess er talið að upplýsinga-, miðla- og tæknilæsi séu lykilþættir sem styðja við áhuga og styrkleika, gagnrýna og skapandi hugsun, samstarf, virkni, tjáningu og miðlun. Þar sem um er að ræða persónuupplýsingar barna þá teljast þær sérstaklega viðkvæms eðlis og njóta þær sérstakrar verndar. Eru því gerðar auknar kröfur til þess að þær séu varðveittar með fullnægjandi og öruggum hætti, sbr. 38. tölul. formála persónuverndarreglugerðarinnar. Er því mikilvægt að MÁP og vinnslusamningar hljóti greinargóða yfirferð ásamt fræðslu til foreldra og notenda.

## Vinnslusamningar og mat á vinnsluaðilum


Samkvæmt ákvæðum 25. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018, sbr. 28. gr. persónuverndarreglugerðarinnar, er Reykjavíkurborg aðeins heimilt að fela öðrum vinnslu persónuupplýsinga ef fyrir liggur vinnslusamningur eða önnur réttargerð samkvæmt lögum sem skuldbindur vinnsluaðila gagnvart ábyrgðaraðilanum og tilgreinir viðfangsefni og tímalengd vinnslunnar, eðli hennar og tilgang, tegund persónuupplýsinga, flokka skráðra einstaklinga og skyldur og réttindi ábyrgðaraðilans. Fagsvið persónuverndar aðstoðar sérfræðinga í stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar við mat á samningsdrögum og/eða aðstoðar við gerð þeirra í því skyni að tryggja að samningsákvæði fari ekki í bága við persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar eða veiti Reykjavíkurborg eða hinum skráðu almennt lakari réttarstöðu en leiðir af ákvæðum persónuverndarlaga og almennum reglum skaðabótaréttarins innan samninga.



## Úttektir, umsagnir o.fl.


Þau verkefni sem um getur í 35. gr. persónuverndarlaganna eru ekki tæmandi talin. Í sérstökum athugasemdum með ákvæði því sem varð að 35. gr. persónuverndarlaga kemur fram að persónuverndarfulltrúi skuli hafa ráðrúm til að sinna almennu eftirliti með reglufylgni og veitingu aðstoðar í formi ráðgjafar við að fylgja ákvæðum persónuverndarlaga, þ.m.t. úthlutun ábyrgðar, vitundarvakningu og þjálfun starfsfólks sem tekur þátt í vinnslustarfsemi og tilheyrandi úttektir.

Fagsvið persónuverndar bregst efnislega við öllum erindum og beiðnum um ráðgjöf sem því berast, svo fljótt sem verða má eftir eðli og umfangi erinda. Erindi þessi kunna að berast frá sviðsstjórum einstakra fagsviða, einstaklingum, fyrirtækjum og öðrum viðsemjendum, svo og kjörnum fulltrúum, svo dæmi séu nefnd.



## Mál til meðferðar hjá Persónuvernd

Persónuverndarfulltrúi hefur sinnt samráði við Persónuvernd um vinnslu persónuupplýsinga hjá Reykjavíkurborg í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga nr. 90/2018, sem og verið fagsviðum Reykjavíkurborgar til almennrar ráðgjafar þegar þeim berast erindi frá stofnuninni er varða kvartanir einstaklinga vegna málsmeðferðar Reykjavíkurborgar þar að lútandi.



Af þeim málum sem komið hafa til meðferðar hjá fagsviði persónuverndar ber hæst frumkvæðisúttekt Persónuverndar á skýjalausnum hjá grunnskólum í stærri sveitarfélögum landsins árið 2022, sem var hluti af stærra verkefni sem unnið var að frumkvæði Evrópska persónuverndarráðsins. Málið hefur verið mjög umfangsmikið en það laut fyrst og fremst að notkun skýjalausna Google og hvort vinnsla og varðveisla persónuupplýsinga hjá þeim sé í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og persónuverndarreglugerð (EB) 2016/679. Fagsvið persónuverndar hefur átt náið samstarf við sérfræðinga skóla- og frístundasviðs sem og önnur sveitarfélög, með aðkomu Sambands íslenskra sveitafélaga, í gegnum allt ferlið. Farið var yfir vinnslusamninga, MÁP o.fl. ásamt því að funda með Google fyrir frekari upplýsingar við gerð svara til Persónuverndar. Enn er beðið endanlegrar niðurstöðu Persónuverndar .

Út frá þessu hafa aðrir vinnslusamningar sem voru sams konar eðlis einnig verið endurskoðaðir og gengið hefur verið úr skugga um að þeir

samræmist ákvæðum persónuverndarlaga nr. 90/2018 og persónuverndarreglugerðarinnar. Einnig var óskað eftir fyrirframsamráði við Persónuvernd vegna Google Workspace í kjölfarið, sjá IER22110111, en Persónuvernd tók ákvörðun um að taka beiðnina ekki til efnislegrar meðferðar að svo stöddu á meðan frumkvæðisathugun stofnunarinnar á notkun skýjaþjónustu í skólastarfi stæði yfir.

## Ýmis umbótaverkefni á vegum fagsviðs persónuverndar

Réttindagátt skráðra einstaklinga í gegnum Mínar Síður Reykjavíkurborgar

Almennt eiga einstaklingar rétt á að fá upplýsingar um það hvort og þá hvernig verið sé að vinna með persónuupplýsingar þeirra. Réttur þessi nær til borgarbúa, þjónustunotenda og starfsfólks, sem og allra þeirra sem eiga um sig persónuupplýsingar í vörslum Reykjavíkurborgar (skráðir einstaklingar). Hin skráðu eiga einnig rétt á því að óska eftir leiðréttingu og/eða eyðingu gagna, andmæla vinnslu þeirra eða óska eftir flutningi þeirra til annarra aðila og/eða almennri takmörkun vinnslu að öðru leyti. Slíkur réttur er ekki án takmarkana og ber við málsmeðferð jafnframt að taka mið af öðrum lögum sem gilda um upplýsingarétt hjá hinu opinbera, svo sem upplýsingalög, stjórnslög eða lög um opinber skjalasöfn.

Frá gildistöku persónuverndarlaga nr. 90/2018 hafa málefni samræmdrar afgreiðslu slíkra réttindabeiðna verið í fyrirrúmi hjá persónuverndarfulltrúa. Samhliða stafrænum umbreytingum í stjórnslu Reykjavíkurborgar hefur skapast vettvangur á Mínum síðum Reykjavíkurborgar til að gefa almenningi kost á að bera sig eftir þessum réttindum með einfaldari hætti en til þessa. Um þessar mundir fer fram samvinna á meðal fagsviðs persónuverndar og skrifstofu þjónustuhönnunar á þjónustu- og nýsköpunarsviði um afgreiðslu framangreindra mála í sérstakri gátt. Búast má við að gáttin verði orðin að veruleika síðar á árinu 2023 og verði almennur vettvangur allra slíkra mála og tryggi samræmda málsmeðferð og verkaskiptingu innan stjórnslunnar.

### Gæðahandbók fagsviðs persónuverndar

Fagsvið persónuverndar hefur um nokkurra mánaða skeið notið aðstoðar Svölu Rúnar Sigurðardóttur hjá Avanti ráðgjöf við mótun verklags- og vinnulýsinga sem nýtt verða til gerðar sérstakrar gæðahandbókar fagsviðs persónuverndar. Ætlunin er að innleiða og vinna eftir ítarlegum verkferlum að virtu samráðsferli við hagsmunaaðila þegar við á. Gæðahandbókin mun ná til allra helstu verkefna sem persónuverndarfulltrúa eru falin lögum samkvæmt og samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar, t.d. viðbrögð vegna öryggisbresta, samráð og samskipti við Persónuvernd, framkvæmd mats á áhrifum á persónuvernd, rýni vinnslusamninga, málsmeðferð vegna erinda hinna skráðu sem og ráðgjöf innan stjórnslu Reykjavíkur, svo dæmi séu nefnd. Stefnt er að því að gæðahandbók liggi fyrir fullbúin fyrir árslok 2023.

## Kerfi fyrir vinnsluskráningu

Um nokkurra ára skeið hefur legið fyrir áætlun um að af hálfu Reykjavíkurborgar verði innleitt kerfi þar sem unnt verður að skrá vinnsluaðgerðir á samræmdan hátt. Hugmynd persónuverndarfulltrúa þar um var kynnt fyrir sérstöku verkefnaráði þjónustu- og nýsköpunarsviðs árið 2021 og leiddi sú vinna af sér markaðskönnun þar sem fulltrúar innri endurskoðunar og ráðgjafar fengu kynningu frá þeim aðilum sem þóttu mæta þeim kröfum sem gerðar voru í könnuninni. Um þessar mundir er verið að ganga frá samningum við norrænan þjónustuaðila (með fyrirvara um gildistöku nýrra innkaupareglna í Reykjavík) sem einnig hefur gengið til samninga við önnur sveitarfélög víða á Norðurlöndum, þar á meðal hér á landi. Vonir standa til að geta innleitt lausn þessa fyrir árslok 2023 í stjórnslu Reykjavíkurborgar.

## Persónuverndarteymi Reykjavíkurborgar

Við gildistöku persónuverndarlaga árið 2018 var eitt fyrsta verk persónuverndarfulltrúa að koma á fót sérstöku teymi sérfræðinga innan Reykjavíkurborgar sem höfðu viðfangsefni málaflokksins á sinni könnu. Samstarf sérfræðinga þessara hefur almennt verið farsælt en ljóst þykir þó að teymið þyrfti að starfa á formlegri grunni með stuðningi borgarstjóra á grundvelli sérstaks erindisbréfs þar um. Með endurnýjuðu umboði teymisins er leitast við að tryggja viðeigandi og tímanlega aðkomu persónuverndarfulltrúa að öllum málum sem tengjast vernd persónuupplýsinga, t.d. með innleiðingu verkferla um sjálfgefna og innbyggða persónuvernd í kerfum borgarinnar. Samkvæmt erindisbréfi mun teymið hafa samstarf um aðkomu, ráðgjöf og samráð við úrlausn álitaefna sem upp geta komið í stjórnslu Reykjavíkurborgar á sviði persónuverndar. Þá er stofnun persónuverndarteymis Reykjavíkurborgar liður í því að skapa styrkari umgjörð um starf persónuverndarfulltrúa og fagsvið persónuverndar hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf, auk þess að tryggja samstarf sérfræðinga á sviði persónuverndar og upplýsingaöryggis þvert á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Gert er ráð fyrir því að borgarstjóri geti lagt fram erindisbréf um endurnýjað umboð persónuverndarteymis undir forystu persónuverndarfulltrúa sumarið 2023 í því skyni að það geti hafið störf haustið 2023.

## Fræðsla persónuverndarfulltrúa

Eitt meginverkefna persónuverndarfulltrúa er að veita starfsfólki Reykjavíkurborgar fræðslu um trúnaðarskyldur sínar sem og um meðferð persónuupplýsinga. Undanfarin misseri hefur persónuverndarfulltrúi sinnt kennslu í Forystunámi Reykjavíkurborgar sem haldið er fyrir sérfræðinga og stjórnendur Reykjavíkurborgar. Hefur slíkt efni verið



sérnsiðið að hlutverkum þeirra sem hafa völd til að ákveða aðferðir og leiðir við vinnslu persónuupplýsinga, en persónuverndarfulltrúi hefur hins vegar kallað eftir því að fá tækifæri til að ná til alls starfsfólks, sér í lagi þeirra sem hafa nýhafið störf. Um þessar mundir stendur yfir innleiðing Torgsins sem er rafræn fræðslumiðstöð alls starfsfólks Reykjavíkurborgar. Persónuverndarfulltrúi hefur þar aðkomu að nýliðafræðslu og vonir standa til að geta sinnt sérhæfðari og ítarlegri fræðslu fyrir allt starfsfólk með aðstoð sérfræðinga á fagsviðum þegar fram líða stundir.

### Athugun persónuverndarfulltrúa á framkvæmd rafræns eftirlits í stjórnslu Reykjavíkurborgar

Með bréfi í júlí 2022 fór persónuverndarfulltrúi þess á leit við sviðsstjóra og helstu stjórnendur í miðlægri stjórnslu að afhentar yrðu upplýsingar um framkvæmd rafrænnar vöktunar í Reykjavíkurborgar í formi eftirlitsmyndavéla, auk upplýsinga um helstu undirbúningsgögn sem liggja þurfa fyrir við uppsetningu og framkvæmd rafrænnar vöktunar, svo sem fræðsla til hinna skráðu, vinnslusamningar og mat á áhrifum á persónuvernd, ef við ætti. Ljóst var af svörum fagsviða að mismikil yfirsýn liggur fyrir á fagsviðum um umfang og eðli rafrænnar vöktunar.

Fagsviði persónuverndar gafst ekki tími til að vinna úr afurðum gagnaöflunar í formi sérstakrar úttektarskýrslu sökum mikilla anna og eftirspurnar eftir ráðgjöf persónuverndarfulltrúa. Þá tóku gildi í janúar sl. nýjar reglur Persónuverndar nr. 50/2023 um rafræna vöktun auk þess sem stjórnkerfisbreytingar hafa síðan orðið í stjórnslu Reykjavíkurborgar með sameiningu fagsviða og breytingu á ábyrgð einstakra verkefna. Af þeim sökum hefur þótt þörf á að gera breytingar á þeirri nálgun sem lagt var upp með í fyrstu við gerð úttektar á rafrænni vöktun í Reykjavíkurborg. Beinist athugun persónuverndarfulltrúa nú öðru fremur að því að kanna hvort og þá að hvaða leyti yfirsýn sé til staðar um fjölda og staðsetningu eftirlitsmyndavéla sem settar hafa verið upp í stjórnslu Reykjavíkurborgar. Þá þarf einnig að greina hvort fræðsla til hinna skráðu hafi farið fram í samræmi við gildandi reglur og fram hafi farið mat á áhrifum á persónuvernd og samningsgerð við vinnsluaðila þegar við á. Framangreint hefur mikla þýðingu við mat á því hvort gætt sé að frelsi og réttindum hinna skráðu, þ.e. íbúa, þjónustunotenda, starfsfólks og annarra sem leið eiga um Reykjavíkurborg. Vonast er til að unnt verði að gera grein fyrir niðurstöðum athugunar haustið 2023.



Innri endurskoðun og ráðgjöf  
Guðrúnartúni 1 | 105 Reykjavík

[Innriendurskodun.is](http://Innriendurskodun.is)  
[innriendurskodun@reykjavik.is](mailto:innriendurskodun@reykjavik.is)